



Skýrsla um slys

Frosti ÞH 299

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 10 desember 2024

Mál nr.: 2024-053-S-021

Dagsetning: 25. september 2024

Staðsetning: Fyrir utan Seyðisfjörð

Atvik: Efnaslys

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Frosti ÞH 229 var inni á Seyðisfirði og var verið að þrifa skipið. Háseti sem var nýbúinn að hella klór í þvottakar fékk klórblöndu í andlitið þegar hann hleypti sjó í karið. Félagar hans komu til aðstoðar og náðu að skola úr augum hans og var hann þegar í stað fluttur til lands til skoðunar. Veður: NA 10 m/s ölduhæð 0,5 metri.

1. Helstu staðreyndir

Skipaskrár.nr. 2433
IMO 9256963
Útgerð: Frosti ehf.
Smíðaður Kína 2001, stál
Stærð: 327 BT.
Mesta lengd: 28,87 m Skráð lengd: 26,04 m
Breidd: 9,17 m Dýpt: 6,05 m
Vél: Yanmar 2019, 420 kW, 2019
Fjöldi skipverja: 12



Gögn RNSA

Skýrsla frá Frosta ÞH

2. Atvikalýsing

Skipverji um borð í Frosta ÞH 299 var að hella klór í þvottakar að afloknum þrifum fyrir landlegu. Karið var tómt en svo illa vildi til að hann leit ofan í karið á meðan sjór var að renna í það. Klórblandaður sjór skvettist í augu skipverjans en félagar hans náðu að koma honum til aðstoðar og skoluðu augu hans nær samstundis. Skipið var komið til hafnar á Seyðisfirði 15 mínútum síðar þar sem sjúkrabíll beið og kom skipverjanum undir læknishendur.

Hann var óvinnufær í þrjá daga en hefur náð sér að fullu.

Skipverjinn var ekki með hlífðargleraugu.

Eftir atvikið voru settar reglur um notkun hlífðargleraugna auk þess að stútum í þvottakari var breytt á þann hátt að minni hætti væri á að vatn gæti skvest úr karinu.

Skipstjóri Frosta tilkynnti atvikið samdægurs til RNSA.

3. Greining

Klórbrúsi sá er notaður var sést á mynd 1.



Mynd 1

Klórinn var af 15% styrkleika og er ætlast til að hann sé blandaður vatni.

Á umbúðunum er tekið fram nota eigi augnhlífur, hlífðarhanska og hlífðarfatnað.

Þegar slysið varð var klórnum hellt í tómt kar og blandan því sterkari á meðan sjó var hleypt á karið heldur en við hefðbundna notkun. Má leiða líkum að því að það hafi aukið á alvarleika atviksins, auk sem skipverjinn leit ofan í karið án augnhlífa á meðan sjór var að renna í það.

4. Niðurstöður

Notkun augnhlífa hefði að öllum líkindum komið í veg fyrir slysið. Skjót viðbrögð annarra skipverja og að hinum slasaða var fljótt komið undir læknishendur er stór þáttur í að ekki fór verr.

Það ber að hrósa áhöfn fyrir skjót viðbrögð og að skipstjóri tilkynnti atvikið eftir örstutta stund.

5. Mikilvægar ábendingar

Við notkun ætandi eða eittraðra efna skal alltaf not þann hlífðarbúnað sem tækni-blöð segja fyrir um.

Hilmar Snorrason

Pálmi Jónsson

Hjörtur Emilsson

Jón Finnbjörnsson

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Geirþrúður Alfreðsdóttir

